

Nd.

## 161. Frumvarp til laga

[129. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni.

Flm.: Matthías Bjarnason, Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Bolungarvíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Hólshrepp og heitir Bolungarvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Um valdsvið bæjarfógeta í Bolungarvíkurkaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvornig málum þeim, er varða Hólshrepp og ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Norður-Ísafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Ef þessir aðilar ná ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvornig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

### Greinargerð.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur farið þess á leit við þingmenn Vestfjarðakjördæmis, að þeir flyttu frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvíkurkaupþún og standa allir þingmenn Vestfjarða að flutningi þessa frv.

Í bréfi hreppsnefndar Hólshrepps segir, að forsendur fyrir samþykkt hreppsnefndar um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvík séu m. a. þessar:

1. Að embætti lögreglustjóra verði gert að fullgildu embætti bæjarfógeta.
2. Að skapa Bolungarvík þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa, og losa tengsl við Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með lögum nr. 14 frá 25. jan. 1934 var stofnað embætti lögreglustjóra í Bolungarvík, með lögsögu fyrir Hólshrepp. Með síðari útfærslu á starfssviði embættisins hefur það nú á hendi alla helstu málaflokka, sem heyra undir embætti bæjarfógeta, og er því nánast um nafnbreytingu að ræða. Varðandi 2. lið er bent á, að kaupstaðir heyra beint undir félagsmálaráðuneytið, sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum.

Með ákvæðum í lögum nr. 67 frá 1971 um sjúkrasamlög var sjúkrasamlag Bolungarvíkur lagt niður, og verða íbúar byggðarlagsins að sækja í annað byggðarlag þá þjónustu, sem þeim hefur verið veitt heima um áratugaskeið.

Þar sem landfræðileg lega Hólshrepps er þannig, að lítil sem engin samskipti eiga sér stað við önnur sveitarfélög Norður-Ísafjarðarsýslu, hefur oft komið til umræðu að æskja kaupstaðarréttinda fyrir Bolungarvík. Fyrsta fundarsamþykkt þar um er frá 4. mars 1915.

Með byggðaröskun, sem átt hefur sér stað í sýslunni á undanförunum árum, og með sameiningu Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar, hefur skapast það óæskilega ástand, að í 5 af 6 hreppum sýslunnar býr aðeins  $\frac{1}{3}$  hluti af íbúunum. Tengsl Hólshrepps við Norður-Ísafjarðarsýslu eru því orðin óeðlileg, þar sem áhrif hans á stjórn málefna sýslunnar miðast við einn fulltrúa í sýslunefnd, en hluti hreppsins af sýslusjóðsgjöldum miðast við íbúafjölda, sem er um  $\frac{2}{3}$  af öllum íbúum sýslunnar.